



## Innkauparáð

### **Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna útboðs 14356, rammamningur um stýribúnað umferðarljósa. Tilvísun R19100308.**

Á aukafundi innkauparáðs Reykjavíkurborgar í dag 18. nóvember 2019 var eftirfarandi bókað:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði fram svohljóðandi fyrirspurn vegna EES útboðs nr. 14356 Rammamningur um stýribúnað umferðarljósa:

1. *Á hvaða samþykktum og heimildum var útboð nr. 14356, rammamningur um stýribúnað umferðarljósa, byggt eða framkvæmt? Þ.e. hvaðan kemur heimildin, s.s. úr borgarráði, samgöngu- og skipulagsráði og/eða innkauparáði?*
2. *Kallað er eftir kostnaðaráætlun vegna útboðs nr. 14356.*
3. *Hver gerði útboðslýsingu en svo virðist sem hún sé mjög sérhæfð en því til stuðnings eru t.d. nefnd kerfi frá ákveðnu fyrirtæki? Voru utanaðkomandi ráðgjafar með við samningu útboðsins, t.d. Vegagerðin?*
4. *Í lögum um framkvæmd útboða er kveðið á um í 8 gr. samnefndra laga að lesa skuli upp nöfn bjóðenda og heildarupphæð tilboðs. Þá enn fremur: „ Einnig skal lesa upp og skrá kostnaðaráætlun sé þess kostur. Gæta skal þess að lesa alltaf samsvarandi tölur frá öllum bjóðendum. Kaupandi og allir viðstaddir bjóðendur eða fulltrúar þeirra skulu undirrita fundargerð og skal þeim afhent afrit hennar óski þeir þess.“ Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í innkauparáði óskar eftir upplýsingum um hvort að þessum lögum hafi verið framfylgt.*

Svör:

1. Ekki þarf að óska eftir heimild til útboðs þegar um er að ræða útboð á rammamningum. Rammamningar eru gerðir um tiltekna vöru eða þjónustu í tiltekinn tíma og á útboðsstigi er ekki ljóst hvaða magn verður keypt á grundvelli útboðsins. Rammamningurinn felur ekki í sér skuldbindingu um tiltekið magn viðskipta af hálfu Reykjavíkurborgar. Þegar að einstökum verkefnum kemur innan samningstíma er óskað eftir viðeigandi heimildum til útboða og/eða innkaupa á grundvelli viðkomandi verkefnis.

2. Kostnaðaráætlun útboðs út frá áætluðu magni er kr. 575.275.000,- án vsk. Upphæð vörukaupa skiptist svo milli Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar. Skiptingin er breytileg eftir aðstæðum á hverjum stað en á frumstigi er miðað við 50% hluta hvors aðila. Þannig yrði hlutur hvors aðila 287.637.500,- án vsk. ef keypt verður skv. áætluðu magni útboðsins.
3. Vörulýsing útboðsins var unnin af sérfræðingum á skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði. Samstarf og samráð var haft við Vegagerðina við gerð útboðsins. Bjóðendur skulu skv. útboðinu tryggja að búnaður sá sem boðinn er hafi fulla virkni við núverandi umferðarljósakerfi.
4. Um útboð þetta gilda lög um opinber innkaup nr. 120/2016. Í útboðslýsingu segir: "**Á opnunarfundi verða lesin upp nöfn bjóðenda og í hvaða hluta viðkomandi býður og skráð í fundargerð opnunarfundar. Fundargerðin ásamt samantekt sem inniheldur frekari upplýsingar af tilboðsblöðum bjóðenda verður birt opinberlega á vefsíðu Innkaupaskrifstofu eftir opnun tilboða.**" Opnunarfundur fór fram í samræmi við ákvæði útboðsgagna. Fundargerð var rituð og undirrituð af viðstöddum. Samantekt þar sem fram komu verð bjóðenda var birt á vef Reykjavíkur eftir opnun tilboða.



Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds



Þorsteinn Rúnar Hermannsson,  
samgöngustjóri